



Fundargerð 271.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 17. ágúst 2022 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning á starfsemi Hafnasamlags Norðurlands bs.

Hafnarstjóri kynnti starfsemi hafnasamlagsins fyrir nýjum og gömlum stjórnarmeðlimum.

2. Hafnasambandsþing 2022

Þing Hafnasambands Íslands 2022 fer fram í Snæfellsbæ 27. til 28. október n.k.

Hafnasamlag Norðurlands á fimm þingfulltrúa á þinginu og munu eftirtaldir stjórnarmenn sitja þingið fyrir hönd Hafnasamlags Norðurlands, Inga Dís Sigurðardóttir, Sverre Jakobsson, Jóhann Gunnar Kristjánsson, Ásrún Ýr Gestsdóttir og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

3. Torfunefsbyggja endurbygging stálþils. Opnun tilboða

Þann 26. júlí s.l. voru opnuð hjá Vegagerðinni tilboð í verkið Torfunefsbyggja endurbygging stálþils. Aðeins eitt tilboð barst í verkið en það var frá Árna Helgasyni ehf á Ólafsfirði upp á kr. 287.709.680. Kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar hljóðar upp á kr. 293.279.500. Vegagerðin hefur yfirfarið tilboðið og leggur til að tilboðinu verði tekið. Stjórn HN samþykkir tilboðið fyrir sitt leyti.

4. Torfunefsbyggja styrkveiting vegna orkuskipta við hafnir

Fyrri hluta árs auglýsti Orkusjóður eftir styrkumsóknum vegna orkuskipta í höfnum. Hafnasamlag Norðurlands sótti um 80 mkr styrk vegna orkuskipta við nýja Torfunefsbyggju. Í síðustu viku var hafnasamlaginu úthlutað 20 mkr úr Orkusjóði vegna verkefnisins.

5. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun HN fyrir 2023.

Hafin er undirbúningur vegna vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Hafnarstjóri kynnti horfur í rekstri og framkvæmdaþörf.

6. Önnur mál.



Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.30

Inga Dís Sigurðardóttir formaður

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

Axel Grettisson ritari

Ásrún Ýr Gestsdóttir

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Sverre Jakobsson

Þróstur Friðfinnsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
